

SKILMÁLAR

VEGNA AÐGANGS ÖKUTÆKIS AÐ HÓPBIFREIÐASVÆÐI VIÐ KEFLAVÍKURFLUGVÖLL (KEF).

1. Vísað er í almenna skilmála bifreiðastæða KEF Parking á Keflavíkurflugvelli og gilda þeir nema um annað sé sérstaklega kveðið í skilmálum þessum.
2. Skilmálar þessir eiga við um notkun á afmörkuðu hópþbifreiðasvæði við KEF.

3. Notandi

3.1. Notandi samkvæmt skilmálum þessum er aðili sem hefur gilt leyfi Samgöngustofu til að stunda farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni samkvæmt ákvæðum laga nr. 28/2017 og reglugerðar nr. 474/2017, með síðari breytingum.

3.2. Notandi getur einnig verið aðili sem sökum stærðar eða þyngdar ökutækis getur ekki nýtt almenn bifreiðastæði við flugstöð Keflavíkurflugvallar enda sé þá ekki um að ræða akstur með farþega í atvinnuskyni.

3.3. Skilyrt leyfi telst ekki fullnægjandi, sé um að ræða notanda samkvæmt gr. 3.1.

3.4. Sótt er um aðgang inn á heimasíðu Keflavíkurflugvallar. Skilyrði er að viðkomandi sé í skilum við Isavia og dótturfélög, sé með gilt leyfi samgöngustofu, sbr. framangreint og uppfylli

að öðru leiti þær kröfur sem eru gerðar skv. skilmálum og staðarreglum Isavia.

3.5. Isavia/KEF-Parking er rekstraraðili bifreiðastæða.

4. Skyldur notanda

4.1. Notandi skuldbindur sig til að greiða aðgangsgjald þegar ökutæki er ekið inn á skilgreint svæði, samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Aðgangsgjald er innheimt mánaðarlega miðað við fjölda ferða inn á gjaldsvæðið. Hægt er að greiða fyrir aðgang með greiðslukorti (kredit) eða í gegnum Autopay.io .

4.2. Notandi skal hlíta umferðareglum og [staðarreglum](#) sem gilda í KEF, á bílastæðum og öðrum svæðum umhverfis bygginguna. Notandi skal jafnframt gæta þess að starfsemi hans kasti ekki á nokkurn hátt rýrð á ímynd Flugstöðvarinnar og þá starfsemi sem þar fer fram.

4.3. Óheimilt að leggja annars staðar en á afmörkuðu svæði sem ætlað er til að leggja hópferðabifreiðum. Viðurlög vegna rangrar lagningar geta komið til—www.bss.is/stodubrotsgjald

4.4. Auglýsingar í og við KEF eru óheimilar nema með leyfi Isavia ohf., sbr. 6. gr. staðarreglna Isavia


5. Afmarkað svæði hópþifreiða

5.1. Með aðgangi þessum fær notandi aðgang að afmörkuðu svæði fyrir hópþifreiðar. Aðgangi að svæðinu er stýrt bílastæðakerfi Autopay.

5.2. Ef breyting verður á staðsetningu svæðis verður það auglýst með skilmerkilegum hætti.

5.3. Hámarks viðverutími á svæðinu er ein og hálf klukkustund. Lengist viðverutími vegna óviðráðanlegra aðstæðna getur Isavia gefið út viðbótarheimildir, eftir atvikum án aukakostnaðar, enda hafi slíkt verið tilkynnt til KEF-Parking áður en farið er yfir hámarks viðverutíma samkvæmt fyrsta málslíð þessarar greinar.

5.4. Svæðið sem notandi fær aðgang að er austan megin við norðurbyggingu KEF, nánar merkt á neðangreindu korti:



6. Vanefndir og ágreiningsmál

6.1. Vanefni notandi skilmála þessa eða misnoti aðstöðuna eða aðganginn með einhverjum hætti áskilur félagið sér rétt til að innheimta vangreiðslugjald að upphæð 50.000 kr. ásamt því að inna eftir greiðslu fyrir raun notkun samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni. Félagið áskilur sér jafnframt heimild til að rifta aðgangsheimild samkvæmt skilmálum þessum og loka á alla aðgangsslykla að bifreiðastæðinu, tímabundið eða varanlega vegna misnotkunar og/eða vanefnda. Ítrekuð brot, alvarlegt brot eða misnotkun á aðgangi svæðis getur leitt til riftunar á aðgangsheimild.

6.2. Um skilmála þessa fer samkvæmt íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur má skjóta málum vegna þess til Héraðsdóms Reykjavíkur.

7. Breytingar á skilmálum

7.1. Isavia ohf. áskilur sér rétt til að breyta skilmálum. Slíkar breytingar verða tilkynntar með hæfilegum fyrirvara og auglýstar á heimasíðu félagsins.

8. Reikningsviðskipti

8.1. Þegar notandi hefur fengið samþykktan aðgang að hóp bifreiðasvæði er stofnað til reikningsviðskipta, enda uppfylli hann skilyrði til þess og þ.m.t. að vera í skilum við félagið. Innheimt er mánaðarlega og í samræmi við nýtingu, þ.e. hversu oft ökutæki fór inn á stæði. Hafi reikningar ekki verið greiddir á eindaga, reiknast dráttarvextir samkvæmt 1.

mgr. 6. gr. Vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. degi mánaðarins til greiðsludags.

8.2. Hafi reikningar ekki verið greiddir á eindaga áskilur Isavia sér rétt til þess að loka fyrir aðgang notanda án frekari tilkynninga eða fyrirvara.

8.3. Allar athugasemdir við reikninga skulu berast innan 30 daga frá útgáfu reiknings.

9. Gildistími

Skilmálar þessir gilda frá 3. mars 2025.